

## 12. Frumvarp til laga

um heimild handa atvinnumálaráðherra til þess að veita sjóliðsforingja Pétri Sigurðssyni stýrimannsskírteini á íslenskum skipum.

(Lagt fyrir Alþingi 1937.)

### 1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal heimilt að veita sjóliðsforingja Pétri Sigurðssyni skírteini til að vera stýrimaður í utan- og innanlandssiglingum á íslensku verzlunarskipi eða varðskipi af hverri stærð sem er, og skal próf hans við sjóliðsforingjaskólann í Kaupmannahöfn jafngilda skipstjóraprófi á varðskipum ríkisins samkvæmt 8. gr. laga nr. 100, 1936, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta :

Sjóliðsforingi Pétur Sigurðsson er fæddur 10. júní 1911. Stúdentsprófi lauk hann hér í Reykjavík árið 1931, og á síðastliðnu ári lauk hann fullnaðarprófi við sjóliðsforingjaskólann í Danmörku, sem auk hernaðarfræðigreina veitir þá fyllstu fræðslu í almennri siglingafræði, sem kostur er á þar í landi.

Ríkisstjórnin hefir ráðið Pétur í þjónustu ríkisins frá 1. janúar 1938 að telja, til þess að starfa að sjómælingum, kennslu við stýrimannaskólann í Reykjavík, mælingum og hleðslumerkjaákvörðunum skipa og öðru því, sem ríkisstjórnin kynnir að fela honum, og dvelur hann nú í Kaupmannahöfn til frekari undirbúnings í þessum störfum.

Samkvæmt þessu ber nauðsyn til að Pétri verði veitt réttindi til þess að hafa á hendi skipstjórn á íslenskum skipum, samkvæmt lögum nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.